

## Geðhjálp segir stjórnvöld áhugalaus

Formaður Geðhjálpar sakar stjórnvöld um áhugaleysi á málefnum barna með samsettan vanda fíknar, þroska- og geðraskana og andfélagslegrar hegðunar. Yfirlæknir á barna- og unglíngageðdeild Landspítalans segir að Ísland standi nágrannþjóðum að baki í langtímaúrræðum fyrir slík börn.

Fréttastofa RÚV sagði í gær frá máli sextán ára stúlku sem hefur ítrekað reynt að fyrirfara sér. Hún glímir við samsettan vanda vegna þroska- og geðraskana og andfélagslegrar hegðunar og hefur verið í fíkniefnaneyslu. Móðir hennar sagði engin langtímaúrræði í boði fyrir dóttur sína og að hún óttist að hún muni svipta sig lífi áður en henni verði hjálpað.

Ólafur Ó. Guðmundsson yfirlæknir á barna- og unglíngageðdeild Landspítalans segir að gat sé í kerfinu, þar sem hópur barna sem glími við samsetta vanda falli ekki undir þau úrræði sem séu í boði. Brýnt sé að börnunum verði fundið langtímaúrræði, einhvers konar vistun, og þjónusta við fjölskyldur barnanna verði aukin. Hann segir það þurfi að vera skýrt fyrir fólki hvert það eigi að leita fyrst ef börn þess eiga við geðheilsuvanda að stríða og ef það dugi ekki til hvert skuli leitað næst.

„Jafnframt að það séu til úrræði á hverju stigi. Þetta hefur lengi vantað á Íslandi. Umfram til dæmis nágrannalöndin okkar að heilbrigðisyfirvöld hafi getað lagt línurnar með hvernig þessi þjónusta eigi að vera,“ segir Ólafur.

Björt Ólafsdóttir, formaður Geðhjálpar, segir vandann ekki nýjan af nálinni. Þau úrræði, sem séu til staðar, séu góð og gild, en dugi ekki í erfiðustu málunum. Hún sakar stjórnvöld um áhugaleysi á málefnum barna með samsettan vanda fíknar, þroska- og geðraskana.

„Það hefur sýnt sig að það er einmitt það sem þarf til. Þegar fangelsismál voru búin að vera í vondum málum í mörg mörg ár, þá er loks einn maður sem tekur af skarið og gerir eitthvað í málunum. Það er það sem að þarf til í svona viðlíka aðstæðum,“ segir Björt.